


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 19. febrúar 2013

Tilvísun: 2013020178VEL/--

Efni: Frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 439. mál.

1.

Persónuvernd hefur borist ábending þess efnis að í 8. mgr. 12. gr. frumvarps til laga um ökutækjatrýggingar (þskj. 548, 439. mál á 141. löggjafarþingi 2012-2013) sé gert ráð fyrir að heimilt verði að birta á ótilgreindri vefsíðu skráningarnúmer og tegundarlýsing ökutækja sem á hvíli s.k. vantryggingargjald. Mun markmið framangreinds frumvarps m.a. vera að stuðla að traustri váttryggingavernd allra vegfarenda hér á landi og að ökutæki séu með lögmæltar ökutækjatrýggingar.

Í 9. mgr. 12. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um að heimilt verði að halda úti vefsíðu þar sem birt verði skráningarnúmer og tegundarlýsing þeirra ökutækja sem á hvílir vantryggingargjald hverju sinni. Engar athugasemdir fylgja framangreindu ákvæði frumvarpsins.

2.

Persónuvernd hefur það hlutverk að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau gilda um upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tilekins einstaklings, sbr. skilgreiningu 1. tölul. 2. gr. laganna á persónuupplýsingum. Í þessu felst m.a. að skráningarnúmer ökutækja hafa verið talin til persónuupplýsinga.

Að mati Persónuverndar er framangreint ákvæði 9. mgr. 12. gr. frumvarpsins of óskýrt. Hún fær ekki séð að það samrýmist þeim meginsjónarmiðum sem lög nr. 77/2000 byggja á, m.a. um sanngirni og gagnsæi gagnvart hinum skráða. Þá er engar skýringar að finna í athugasemdum

þeim er fylgja frumvarpinu og ekki er tekið fram hver skuli bera ábyrgð á umræddri heimasíðu né hvaða tilgangi hún skuli þjóna. Ekkert kemur fram í ákvæðinu hvort að umrædd síða skuli vera aðgengileg almenningi eða eingöngu tilgreindum hópi fólks. Þá er ekki fjallað um eyðingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Bent er á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umræddar upplýsingar verði birtar í Lögbirtingarblaði og telur Persónuvernd að slík birting sé nægileg.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd að framangreint ákvæði sé að óbreyttu ekki framkvæmanlegt og samrýmist ekki þeim grunnviðhorfum sem lög um meðferð persónuupplýsinga byggja á. Því leggur stofnunin til að það verði fellt brott.

Virðingarfyllst


Vigdís Eva Línfal